

Framfarafélag Flateyjar
Netfundur 7.október 2020 kl. 20:00

Mættar voru Bylgja,Kata,Kristín,María,Svava.

Dagskrá fundar :

1. Umræður um styrki og stíga. Nauðsynlega þarf að laga stíginn upp á Lundaberg. Hugmynd kom fram um að óska eftir efni til stígagerðarinnar hjá Reykhólahreppi. Efnið gæti svo komið hvenær sem er og beðið í eyjunni fram á vor. Formaður sendir tölvupóst um málið til Reykhóla.

Stefnt er á að laga stíginn í apríl 2021 kringum sumardaginn fyrsta og fá fólk í lið með okkur að vinna verkið.

Framfarafélagið mun sækja um styrk til frekari verkefna í eyjunni hjá Framkvæmdasjóð ferðamála að ári.

2. Umræður um stöðuleyfi og staðsetningu Rafstöðvargáma Orkubús Vestfjarða í eyjunni. Framfarafélagið mun fylgjast með þessu máli og vera í sambandi við Reykhóla ef þörf er á að mótmæla framkvæmdum Orkubúsins í eyjunni og að tryggja að þeir fara eftir stjórnsýslulögum. Bjarni á Bergi er nýr starfsmaður OV í Flatey. Nú eru lykklar af rafstöðinni aftur á öruggum stað í eyjunni.

3. Umræður um stöðuna á útgáfu bókar Ævars Pedersen. Framfarafélagið hefur styrkt gerð bókarinnar og sendi Aðalfundur Framfarafélagsins áskorun 30.4.2020 á Reykhólahrepp að gera slíkt hið sama. Reykhólar styrktu útgáfuna um 200.000 kr. Framfarafélagið er tilbúið að veita honum frekari styrk ef þörf er á og hvetja hann jafnframt til að selja bókina í forsölu ef það gæti hjálpað til við að klára hana.

4. Umræður um Flateyjardaga 2020. Þeir voru haldnir hátíðlegir með öðru sniði envenjulega sökum C-19. Framfarafélagið hafði fengið vilyrði um 100.000 kr. styrk frá Reykhólahreppi fyrir hátíðina. Boðið var upp á bingó og keyptir vinningar í Frystihúsinu.

5. Umræður um gerð smábátahafnar. Stjórn FFF hefur fengið tölvupósta frá Heimi varðandi málið. Fundarmenn voru sammála um að Framfarafélagið sé ekki að koma neitt að því máli að svo stöddu enda sé þetta í góðum höndum hjá Heimi og félögum.

6. Umræður um slökkvistöð Flateyjar. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að ræða mun betur um þau mál og kanna aðra möguleika en þá sem eru í umræðunni núna.

7. Umræður um Silfurgarðurinn. Hann er farin að þarfnast viðhalds. Hann var friðaður 1975. Formaður mun send tölvupóst á Birnu Lárusdóttir fornleifafræðing og vekja athygli á að því að Silfurgarðurinn þurfi að fá aðhlynningu.

8. Fundir í stjórn Framfarafélags Flateyjar verða hér eftir fyrsta miðvikudag í mánuði, annað hvort á fundarstað eða á netinu.

Fundi slitið kl.21.00